



Reglur verkefnasjóðs

Eigandi skjals: Framkvæmdastjóri

Efnisyfirlit

1.	Tilgangur.....	2
2.	Umfang.....	2
3.	Skilgreiningar.....	2
4.	Hlutverk og ábyrgð.....	2
5.	Innihald.....	2
6.	Tengd skjöl.....	3

1. Tilgangur

Tilgangur reglnanna er að tryggja gagnsæi og áreiðanleika í umsýslu Verkefnasjóðs Rauða krossins á Íslandi.

2. Umfang

Reglurnar ná til allra starfa fyrir og um verkefnasjóð og eru settar af stjórn Rauða krossins á Íslandi sbr. 15. gr. laga Rauða krossins á Íslandi.

3. Skilgreiningar

Gæðaviðmið í mannúðarstarfi	Hér er átt við formlega útgáfu og þýðingu á Core Humanitarian Standards sem Rauði krossinn styðst við í sínu starfi og eru aðgengileg á vefsíðu félagsins.
Kassatekjur	Hér er átt við þær tekjur sem Rauði krossinn fær frá Íslandsspilum ár hvert.

4. Hlutverk og ábyrgð

Framkvæmdastjóri/hlutaðeigandi stjórnandi ber ábyrgð á að tryggja samræmi við lög, stefnu og hlutverk félagsins. Framkvæmdastjóri tryggir viðkomandi starfsfólki stuðning við framkvæmd skjalsins.

Eigandi skjals fer með eftirlit og tryggir að innihaldi skjalsins sé framfylgt og viðhaldið.

Gæðastjóri fer með skipulag gæðaskjala og gefur skjöl út í gæðakerfi.

Sviðsstjórar, deildarstjórar og annað **starfsfólk** með mannaforráð bera ábyrgð á því að kynna skjalið og tryggja skilning síns starfsfólks á því.

Allt **starfsfólk og sjálfboðaliðar** bera ábyrgð á því að fara eftir skjalinu og upplýsa um frávik sem þau verða áskynja.

5. Innihald

1. gr.

Meginhlutverk verkefnasjóðs er að veita fjármagni til verkefna Rauða krossins í samræmi við gildandi stefnu og grunngildi Rauða krossins og gæðaviðmið í mannúðarstarfi.

2. gr.

Tekjur verkefnasjóðs eru:

- Hlutfall af sameiginlegum tekjustofnum samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
- Tekjur sem ella hefðu runnið til deilda.
- Einstök framlög til sjóðsins.

3. gr.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi úrskurðar um styrkveitingar og skipar undirbúningsnefnd til að vinna úr umsóknum og skila tillögum um styrkveitingar til stjórnar.

Í undirbúningsnefnd verkefnasjóðs sitja fimm fulltrúar. Stjórn skipar formann og auk þess fjóra fulltrúa.

Framkvæmdastjóri Rauða krossins eða staðgengill hans situr fundi undirbúningsnefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Undirbúningsnefnd er heimilt að kalla inn sérfræðinga eftir þörfum.

4. gr.

Ákvörðun um styrkveitingu úr verkefnasjóði skal að jafnaði tekin í október ár hvert, að fengnum umsóknum frá deildum. Skulu umsóknir berast til landsskrifstofu fyrir 15. september á þar til gerðu umsóknarformi. Greiðslur úr sjóðnum fara fram á því starfsári sem úthlutað er fyrir.

Ekki má skuldbinda verkefnasjóð til lengri tíma en þriggja ára í senn.

5. gr.

Við úthlutun skal taka mið af fjárbörf verkefnis og fjárhagsstöðu umsækjenda.

Skilyrði fyrir úthlutun úr verkefnasjóði er að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem gilda um greiðslu kassatekna til deilda þannig að uppsafnað fjármagn umsækjenda sé undir viðmiði á hverjum tíma.

Styrkur úr verkefnasjóði getur ekki orðið hærri en sem nemur 90% af áætluðum kostnaði við verkefnið.

6. gr.

Stjórn sér um eftirfylgni og eftirlit með þeim verkefnum sem hljóta úthlutun úr sjóðnum.

Deild sem hefur hlotið styrk skal skila áfangaskýrslu á sérútbúnu formi til landsskrifstofu vegna verkefnis sem úthlutað var til árið á undan. Síðasti skiladagur er 15. mars.

Stjórn er heimilt að afturkalla veittan styrk að hluta til eða öllu leyti ef forsendur úthlutunar breytast. Óráðstöfuðu styrkfé er skilað að verkefnistíma loknum.

7. gr. (tímabundin grein til þriggja ára skv. ákvörðun stjórnar haust 2025)

Heimilt er að nota fjármagn úr Verkefnasjóði til að fjármagna aðgerðir sem lagðar voru fram í skýrslu starfshóps á vegum stjórnar árið 2024 og snúa að auknu samstarfi deilda til að efla starf í nærsamfélagi. Úthlutun vegna þessa getur að hámarki verið 15% af því sem nemur heildartekjum Verkefnasjóðs á ársgrundvelli.

Við mat á úthlutun er notast við markmið starfshóps um skipulag og starf Rauða krossins til framtíðar sem og Gæðaviðmið í mannúðarstarfi.

6. Tengd skjöl

- Verkefnaáætlun
- Fjárhagsáætlun verkefnis
- Gæðaviðmið í mannúðarstarfi